




Norræna  
ráðherranefndin

# Samstarfsáætlun um **menningarmál** 2025–2030

Saman fyrir skapandi, sjálfbær og sýnileg  
Norðurlönd



# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b>	3
<b>Inngangur</b>	5
<b>Pólítískar áherslur</b>	8
Markmið 1: Skilyrði listafólks og menningaraðila á Norðurlöndum til loftslagsvænnar framleiðslu, miðlunar og dreifingu á list og menningu eru góð	10
Markmið 2: Norðurlönd eru sýnilegt, samkeppnishæft og skapandi svæði	12
Markmið 3: Fjölbreytileiki í menningu og tungumálum á Norðurlöndum er eflur og stuðlar að aukinni samstöðu, trausti og samþættingu á Norðurlöndum	14
Markmið 4: Hlutverk menningargeirans og fjölmiðla varðandi viðbúnað gagnvart krísum og til þess að mæta stafrænni væðingu og nýrri tækni er styrkt	16
<b>Úttekt á samstarfsáætluninni</b>	18
<b>Um ritið</b>	19

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:  
<https://pub.norden.org/politikt nord2024-736>



# Formáli



Parisa Liljestrand, menningarmálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarf norrænna ráðherra um listir, menningarmál og fjölmiðla er kjarnasvið innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Á Norðurlöndum stöndum við sterkar saman ef við störfum saman að menningarmálum þvert á landamæri. Á tímum mikilla innri og ytri breytinga á samfélögum og umheiminum kemur í ljós að frjálst og lifandi menningarlíf og frjálsir fjölmiðlar skipta höfuðmáli til að viðhalda samtakamætti, von og lífsgæðum.

Grundvöllur samstarfs Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál liggur í sameiginlegri sögu okkar og samtali þvert á landamæri, á milli aðila í menningargeiranum, fyrirtækja og stofnana. Meginreglan um armslengd á milli stjórnmalanna og menningarlífsins er vegvísir og undirstrikar mikilvægi samnorrænna áætlana, bygginga og stofnana. Sá norræni stuðningur sem deilt er til menningarlífsins opnar meðal annars möguleika á tengslamyndun, miðlun reynslu og sameiginlegum verkum. Verkefni sem leggja áherslu á þverfaglegan virðisauka skal setja í forgang.

Samstarfsáætlunin leggur línurnar fyrir hið norræna samstarf um menningarmál fyrir tímabilið 2025–2030. Líkt og í fyrri samstarfsáætlun fyrir árin 2021–2024 er fjallað um pólitísk markmið og áherslur sem ætlað er að stuðla að aukinni menningarlegri sjálfbærni og þar með stuðla að framtíðasýn Norrænu ráðherranefndarinnar til ársins 2030 að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Ráðherranefndin um menningarmál mun á næstu árum leggja mikla áherslu á að viðhalda viðnámsþolnu lýðræðissamfélagi. Vinnan við inngildandi menningarlíf sem er öllum opið er sett í forgang, ekki síst til að efla börn og ungmenni og velferð þeirra. Atburðir síðustu ára hafa sýnt fram á að áframhaldandi stuðningur við frjálsa listræna tjáningu og aukinn viðbúnaður til verndar menningararfinum er svið sem krefst bæði umræðu og sameiginlegra aðgerða. Samvinnan á síðasta áætlunartímabili varðandi rangupplýsingar og áhrif tæknirisanna á lýðræðislega umræðu sem og hlutverk menningar og fjölmiðla við hin grænu umskipti hefur skilað ápreifanlegum árangri sem við getum byggt enn frekar á. Saman getum við á Norðurlöndum stuðlað að því að efla hlutverk menningarinnar á alþjóðavísu og byggt sjálfbær og viðnámsþolin samfélög.

Aðilar úr menningar- og fjölmiðlageiranum á Norðurlöndum, fulltrúar borgarasamfélagsins og fræðasamfélagsins, auk Norðurlandaráðs, hafa lagt fram tillögur varðandi áskoranir og samstarfssvið innan samstarfsáætlunarinnar. Norrænu menningarstofnanirnar og samstarfsaðilar menningarsviðsins sem fá fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni hafa einnig lagt fram tillögur í ferlinu.



**Parisa Liljestrand**  
menningarmálaráðherra Svíþjóðar



**Karen Ellemann**  
framkvæmdastjóri Norrænu  
ráðherranefndarinnar

# Inngangur

Samstarfsáætlun um menningarmál lýsir þeim pólitísku markmiðum og forgangsverkefnum fyrir árin 2025–2030 sem leiða eiga til aukinnar menningarlegrar sjálfbærni á Norðurlöndum.

Samstarfsáætlunin er stýrandi skjal fyrir alla starfsemi undir ráðherranefndinni um menningarmál. Ráðherranefndin um menningarmál samþykkti samstarfsáætlunina þann 26. ágúst 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Samstarfsáætluninni er ætlað að stuðla að því að uppfylla framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Öll Norræna ráðherranefndin vinnur að því að uppfylla framtíðarsýnina með hinum þremur stefnumarkandi áherslum.

Frelsi í listum og menningu, frjálsir og óháðir fjölmiðlar og meginreglan um armslengd leggja grunninn að tjáningarfrelsi, þekkingarmiðlun, lýðræðisþátttöku og skoðanaskiptum. Á tímum þegar samfélagið stendur frammi fyrir miklum áskorunum er sérlega mikilvægt að standa vörð um þessi gildi. Áframhaldandi norrænt menningarsamstarf mun auka traust á meðal almennings og efla samfélagslegan viðnámsþrótt. Samstarfið stuðlar að lýðræðislegu og opnu samfélagi og myndar tengsl á milli fólks á Norðurlöndum. Norræna tungumálasamfélagið skapar félagstilfinningu og samnorræna sjálfsmynd. Með því að standa vörð um menningararfinn eflum við þekkingu á sögunni og sköpum samstöðu.

Norræn samstaða og samþætting á að byggjast á traustu norrænu samstarfi á sviði menningar- og fjölmiðlamála. Allt frá undirritun Helsingforssamningsins árið 1962 hefur menningarsamstarfið verið einn af hornsteinum starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Í Helsingforssamningnum er kveðið á um að norrænt samstarf skuli styðja við og styrkja menningarlega þróun, stuðla að samskiptum á sviði bókmennta, lista, tónlistar, leiklistar, kvikmyndagerðar og annarra menningarsviða og nýta samstarfstækifæri á sviði útvarps og sjónvarps.<sup>[1]</sup> Á grundvelli þessa á norrænt samstarf á menningarsviði að efla og ýta undir samskipti á milli aðila úr menningar- og fjölmiðlageiranum á Norðurlöndum, stuðla að vexti menningarlegra og skapandi greina og auknum hreyfanleika og samtali.

Styrkjakerfi og menningarstofnanir Norrænu ráðherranefndarinnar eru burðarstoðir norræns samstarfs á sviði menningarmála og gegna mikilvægu hlutverki í tengslum við Framtíðarsýn okkar 2030. Starfsemi stofnananna og framlög styrkjakerfanna skipta miklu máli í norrænu, norræn-baltnesku og alþjóðlegu menningarlífi.

Góðar menningarupplifanir, þar sem menningararfurinn er varðveittur og fær að þróast, stuðla að samstöðu, auknum lífsgæðum og vellíðan og eru því dýrmætar fyrir

---

1. Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð, 1996, *Helsingforssamningurinn*, 13. gr.

alla Norðurlandabúa, einkum börn og ungt fólk. Með aukinni áherslu á fjölbreytileika, inngildingu og þátttöku á menningin að eiga erindi við öll og skipta öll máli.

Tungumál og menning frumbyggja og minnihlutahópa og málréttindi og menningarleg réttindi skulu hafa sinn sess í norrænu menningarsamstarfi. Samar og aðrir minnihlutahópar athafna sig þvert á landamæri Norðurlanda. Samstarfið þvert á landamæri er mikilvægt fyrir hina norrænu samkennd.

Stefnumótun á sviði menningarmála á að grundvallast á þekkingu og vera í takt við tímann og byggjast á gögnum sem sótt eru í rannsóknir.

[Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna](#) er mikilvægur grunnur sem norrænar aðgerðir á sviði menningar- og fjölmiðlamála byggjast á.

---

# Framtíðarsýn okkar 2030



## Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



## Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims**



## Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár.

# Pólítískar áherslur



”

Samkeppnishæft, sýnilegt og skapandi menningarsamstarf á að styrkja atvinnutækifæri norrænna menningaraðila á Norðurlöndum sem og utan þeirra, stuðla að þróun og nýsköpun og vekja athygli á norrænum listamönnum og menningaraðilum á alþjóðavettvangi.

Menning og listir hafa ómetanlegt gildi og því ber að efla forsendur fyrir listum og menningu sem eiga að vera aðgengilegar öllum í samfélögum okkar. Miklar breytingar hafa átt sér stað bæði á Norðurlöndum og heiminum öllum frá því að síðasta samstarfsáætlun í menningarmálum var samþykkt árið 2020. Nýrri samstarfsáætlun er ætlað að vera liður í því að mæta sameiginlegum áskorunum og skapa samlegðaráhrif með aðgerðum þvert á fagsvið.

Norðurlönd eru í fararbroddi á heimsvísu á sviði menningarlegra og skapandi greina. Áfangaskýrsla um Framtíðarsýn okkar 2030 sýnir þó að dregið hefur úr innflutningi menningarafurða frá öðrum norrænum löndum.<sup>[2]</sup> Norrænt samstarf mun mæta þessu

---

2. Norræna ráðherranefndin, 2023, „[NORÐURLÖND – sjálfbært og samþætt svæði?](#)“

með auknum hreyfanleika og kynningu á norrænum listum og menningu alþjóðlega. Samkeppnishæft, sýnilegt og skapandi menningarsamstarf á að styrkja atvinnutækifæri norrænna menningaraðila á Norðurlöndum sem og utan þeirra, stuðla að þróun og nýsköpun og vekja athygli á norrænum listamönnum og menningaraðilum á alþjóðavettvangi. Samstarf við listamenn og menningaraðila á grannsvæðum Norðurlanda, meðal annars í Eystrasaltsríkjunum, á Norðurskautssvæðinu og í Úkraínu, á að stuðla að hæfniþróun og uppbyggingu tengslaneta.

Á tímum þegar aðstæður og forsendur þeirra sem starfa við menningu og fjölmiðla breytast vegna stafrænnar þróunar, áhrifa stóru tæknifyrirtækjanna og gervigreindar eiga Norðurlönd að vinna í sameiningu að þeim áskorunum og tækifærum sem stafræn þróun hefur í för með sér. Um þessar áskoranir var meðal annars fjallað í tillögum norrænnar hugveitu um áhrif tæknirisanna á lýðræðislega umræðu.<sup>[3]</sup> Samstarf í tæknimálum á að stuðla að því að því að Norðurlönd verði samþætt tækni- og lýðræðisvæði.

Norrænt samstarf í menningarmálum miðast við að allir hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt. Rannsóknir sýna að kyn, félagshagfræðileg staða, menntunarstig og landfræðileg staðsetning hafa áhrif á þátttöku í menningarlífi, einnig hjá börnum og ungu fólki.<sup>[4]</sup> Lista- og menningarlíf, sem einkennist af jafnrétti, er laust við mismunun og er öllum aðgengilegt, styrkir samþættingu á Norðurlöndum.

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði mikil áhrif á norrænt menningarlíf. Skilyrði listamanna og menningaraðila til þess að skapa, iðka og miðla list og menningu voru mjög skert.<sup>[5]</sup> Meðal annars sýna rannsóknir að tekjur fréttamiðla drógust saman á sama tíma og áhugi almennings á fréttum jókst.<sup>[6]</sup> Einnig má sjá tengsl á milli almennrar ólgu í samtímanum og breyttra venja þegar kemur að menningu og fjölmiðlum. Þess vegna mun öflugt og þróttmikið samstarf á sviði menningar- og fjölmiðlamála gera Norðurlönd betur í stakk búin að takast á við krísur og samfélagsbreytingar.

Norræna ráðherranefndin um menningarmál hefur samþykkt markmið og undirmarkmið fyrir tímabilið 2025–2030. Hinar pólitísku áherslur vísa veginn í öllu norrænu samstarfi á sviði menningarmála. Fagsviðið mun útfæra verkefni og aðgerðir í samræmi við markmiðin.

---

3. Norræna ráðherranefndin, 2023, [Norræn nálgun á lýðræðislega umræðu á tímum samfélagsmiðla: Tilmæli frá norrænu hugveitunni um tækni og lýðræði](#)  
4. Kulturanalys Norden, 2023, [Delaktighet i kulturlivet i Norden](#)  
5. Kulturanalys Norden, 2023, [Kultursektorn efter covid-19-pandemin](#)  
6. Nordicom, 2021, [Covid-19 och de nordiska nyhetsmedierna](#)



## Markmið 1: Skilyrði listafólks og menningaraðila á Norðurlöndum til loftslagsvænnar framleiðslu, miðlunar og dreifingu á list og menningu eru góð



### Græn Norðurlönd

Listir, menning og þekking á menningararfinum hjálpa okkur að átta okkur á, skilja og takast á við loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og mengun í sjó og á landi. Listir og menning styðja við umskipti yfir í sjálfbærari lífstíl. Norrænar aðgerðir á sviði menningarmála eiga að stuðla að því að fjarlægja hindranir í vegi grænna umskipta og greiða fyrir miðlun reynslu og nýjum aðferðum í þágu framsýnni og loftslagsvænni framleiðslu, miðlunar og dreifingar listar og menningar.<sup>[7]</sup> Hinar menningarlegu og skapandi greinar gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi. Kastljós menningarsamstarfsins á að beinast að viðkvæmum menningararfi í samræmi við alþjóðlega samninga.

---

7. [Nordic Green Roadmap for Cultural Institutions](#) er dæmi um samnorrænt verkefni í þágu grænna umskipta í menningargeiranum.



**Undirbærkmið 1.1: Listafólk og menningaraðilar á Norðurlöndum búa yfir aukinni hæfni og þekkingu á áhrifum listar og menningarlífs á loftslagsbreytingarnar og öfugt.**

**Undirbærkmið 1.2: Hlutverk lista og menningar í því að miðla og veita nýja sýn á loftslagsbreytingarnar og grænu umskiptin er eflt og gert sýnilegt í samræmi við framleiðsluskilyrði geiranna sjálfra.**

**Undirbærkmið 1.3: Samstarfi um græna varðveislu, notkun og miðlun á menningararfi sem er viðkvæmur gagnvart loftslagsbreytingum er komið á.**

## Markmið 2: Norðurlönd eru sýnilegt, samkeppnishæft og skapandi svæði



### Samkeppnishæf Norðurlönd

Sýnileg og skapandi Norðurlönd veita aukin atvinnutækifæri og betri lífskjör, öflugri tengslanet og miðlun á færni fyrir norræna listamenn og menningaradila. Samstarf við aðila á Norðurskautssvæðinu og í Eystrasaltsríkjunum og hreyfanleiki þvert á landamæri svæðisins gegnir lykilhlutverki og stuðlar að því að Norðurlönd sem svæði verði brautryðjendur á sviði tjáningarfrelsis og frjálsra lista og menningar. Menningarlegar og skapandi greinar efla samkeppnishæfni og verðmætasköpun. Norrænt menningarsamstarf skal með sjálfbærum hætti styðja við nýsköpun þegar kemur að nýjum samstarfsverkefnum og viðskiptalíkönum ásamt umhverfisvænni framleiðslu, miðlun og markaðssetningu á list og menningu á Norðurlöndum og utan þeirra.

**Undirbarkmið 2.1: Kynning og miðlun á list og menningu innan og utan Norðurlanda er efla.**

**Undirbarkmið 2.2: Hreyfanleiki og samskipti á milli norrænna listamanna og menningaraðila og aðila á Norðurskautssvæðinu, í Eyrstrasaltsríkjunum og á grannsvæðum Norðurlanda hafa aukist.**

**Undirbarkmið 2.3: Ráðist er í sameiginleg átök í menningarmálum utan Norðurlanda sem stuðla að alþjóðlegri kynningu norrænna menningaraðila og vekur athygli á Norðurlöndum sem skapandi svæði.**

## Markmið 3: Fjölbreytileiki í menningu og tungumálum á Norðurlöndum er eflður og stuðlar að aukinni samstöðu, trausti og samþættingu á Norðurlöndum



### Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Menningar- og tungumálasamstarf skapar samkennd, skilning og traust á milli fólks á Norðurlöndum og stuðlar að aukinni samþættingu svæðisins. Þekking barna og ungs fólks á og aðgengi að norrænni menningu, menningararfi og norrænum tungumálum, þar með töldu táknmáli, stuðlar að félagstilfinningu og velferð og skapar tækifæri til skapandi þróunar, tjáningar og þátttöku í lýðræðinu. Menningarsamstarfið mun styðja við menninguna sem jákvæðan samfélagsþátt og öflugt og fjölbreytt menningarlíf sem er inngildandi og aðgengilegt öllum.

Tungumálasamstarfið verður þróað áfram og sett í forgang með áherslu á varðveislu lítilla tungumála á Norðurlöndum, þróun máltækni og menningar- og tungumálaskilnings barna og ungs fólks. Norrænni yfirlýsingu um tungumálastefnu verður fylgt eftir í samstarfi við ráðherranefndina um menntun og rannsóknir (MR-U).

**Undirbarkmið 3.1: Góð og fyrirsjáanleg umgjörð um norrænt menningarasarastarf er tryggð.**

**Undirbarkmið 3.2: Þátttaka í norrænu menningarlífi sem ýtir undir inngildingu, fjölbreytileika og jafnrétti hefur aukist.**

**Undirbarkmið 3.3: Áhugi og notkun barna og ungmenna á menningu og tungumálum á Norðurlöndum hefur aukist.**



## Markmið 4: Hlutverk menningargeirans og fjölmiðla varðandi viðbúnað gagnvart krísum og til þess að mæta stafrænni væðingu og nýrri tækni er styrkt



### Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Aðgengi að menningu og menningararfi styrkir þróun borgarasamfélagsins, viðnámsþrótt og endurreisn þegar upp koma krísur og stríð. Frjálsir og óháðir fjölmiðlar, tjáningarfrelsi og listrænt frelsi gera svæðið betur í stakk búið að takast á við krísur og ógnir. Ráðast skal í aukið norrænt samstarf og beinar aðgerðir til að vinna gegn rangupplýsingum. Á tímum sem einkennast af miklum samfélagsbreytingum og tækniþróun eiga norrænar aðgerðir að stuðla að betri, skilvirkari og markvissari lausnum í samstarfi við viðeigandi fagsvið.

**Undirmarkmið 4.1: Norrænu samstarfi og miðlun á reynslu um viðbúnað í menningargeiranum er komið á.**

**Undirmarkmið 4.2: Stutt er við tjáningarfrelsi og listrænt frelsi á Norðurlöndum með aukinni áherslu á frjálst og óháð hlutverk menningargeirans og fjölmiðla.**

**Undirmarkmið 4.3: Norrænt samstarf um áskoranir á sviði menningar- og fjölmiðlamála í tengslum við nýja tækni, gervigreind og áhrif tæknirisanna á lýðræðislega umræðu, þar með talið á velferð og vellíðan barna og ungmenna, er aukið.**

# Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.



# Um ritið

## Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál 2025–2030

PolitikNord 2024:736

ISBN 978-92-893-7945-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-7946-5 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-736>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir:

Pólítískar áherslur: *Finnish National Opera and Ballet with Tero Saarinen*. Mynd: Mikki Kunttu/Visit Finland,

Markmið 1: *House To Watch The Sunset (2015) by Swiss artist Not Vital*. Mynd: Kim Hansen/Louisiana Museum of Modern Art

Markmið 2: *Helsinki Biennale 2021*. Mynd: Mariia Kauppi/Visit Finland

Markmið 3: *Room for Children*. Mynd: Ann-Sofi Rosenkvist/imagebank.sweden.se

Markmið 4: *Street art i København*, Mynd: Ida-Lina Strang

Útgefið: Október 2024



**Norræna ráðherranefndin**

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, [www.norden.org](http://www.norden.org)

Lesið fleiri norræn rit: [www.norden.org/is/utgafur](http://www.norden.org/is/utgafur)